

*Kaldrananeshreppur.*

Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1571**  
**komudagur 10.4.2006**

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu héraðsvega, 310. mál

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps styður heilshugar framkomna tillögu til þingsályktunar um átak í uppbyggingu tengi- og safnvega landsins.

Það er mjög mikil þörf á að gera stóratök í þessum málaflokki þar sem hann hefur um mörg undanfarin ár mátt bíða meðan stofnbrautir hafa haft forgang í uppbyggingu.

Sveitarstjórn þakkar þær vegabætur sem gerðar hafa verið á hluta vegar um Selströnd og væntanlegar eru á þeirri leið á næstu árum. Jafnframt vill sveitarstjórn Kaldrananeshrepps benda samgöngunefnd Alþingis á að aðrir kaflar vegakerfis í Kaldrananeshreppi eru í verulega brýnni þörf fyrir úrbætur og nánast ófærir árið um kring. Hvort heldur sem er Strandavegur 643 frá vegamótum í Staðardal og yfir Bjarnarfjarðarháls eða Drangnesvegur 645 um Nesströnd norður í Bjarnarfjörð.

Uppbygging vegarins frá vegamótum í Staðardal er orðin mjög brýn og er þessi leið ekki einugis innansveitarvegur í Kaldrananeshreppi heldur og eina leiðin í Árneshrepp

Drangnesi 6.apríl 2006

Virðingarfyllt

Fh Sveitarstjórnar Kaldrananeshrepps

